

13. apríl 2026

Formlegt erindi

Um samstarf við Krýsuvíkursamtökin

Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Efni: Lóðafyrirkomulag í Krýsuvík

Í framhaldi af fyrri samskiptum Krýsuvíkursamtakanna og Hafnarfjarðarbæjar um lóðafyrirkomulag í Krýsuvík óska samtökin eftir viðræðum um endurskoðun og lengingu á lóðarleigusamningum í Krýsuvík við skólahúsið og athafnasvæðið Sveiflu og stækkun lóðar Krýsuvíkurskóla þannig að hún nái um fimm hektara í kringum skólahúsið, með það að markmiði að tryggja rými fyrir nauðsynlega uppbyggingu starfseminnar til framtíðar. Samhlíða slíkri beiðni lýsa samtökin yfir vilja til að láta af hendi lóð sína við Grænavatn. Með slíkum skiptum væri unnt að skapa skýrari umgjörð um starfsemina og bæta nýtingu landsvæðisins í heild til lengri tíma. (sjá meðfylgjandi teikningu/skissu með lóðamörkum)

Á síðustu árum hefur starfsemi Krýsuvíkur tekið verulegum breytingum. Meðferðarúrræðið byggir í dag á áfallamiðaðri 12 spora nálgun, þar sem lögð er rík áhersla á faglega áfallavinnu með skjólstæðingum. Þessi þróun hefur skilað mælanlegum og afgerandi árangri. Um 70% þeirra sem ljúka meðferð hafa náð að viðhalda edrúmennsku í tvö ár, sem er afar hátt hlutfall í alþjóðlegum samanburði.

Eftirspurn eftir þjónustu Krýsuvíkur er jafnframt mikil og fer vaxandi. Þrátt fyrir að meðferðarplássum hafi verið fjölgað úr 20 í 30 eru um 120 einstaklingar nú á biðlista. Sá veruleiki undirstrikar brýna þörf fyrir frekari uppbyggingu og aukið rými til að mæta þörfum þessa viðkvæma hóps.

Til framtíðar horfa samtökin til frekari uppbyggingar á svæðinu í kringum Krýsuvíkurskóla, þar á meðal á Sveifluhálsi þar sem þegar hefur verið hafin nýting á skemmu og svokölluðu refahúsi. Í þeirri framtíðarsýn felst að svæðið verði þróað sem heildstætt meðferðarumhverfi sem styður við bataferli skjólstæðinga.

Í því samhengi leggja samtökin einnig áherslu á mikilvægi þess að tryggja að umhverfi skólans og meðferðarstarfseminnar sé í samræmi við markmið hennar. Krýsuvíkursamtökin óska því eftir að ekki verði heimiluð önnur starfsemi í nánasta nágrenni við skólann sem gæti



haft neikvæð áhrif á meðferðarstarfið eða raskað þeirri ró og stöðugleika sem nauðsynlegur er fyrir árangur í meðferð. Í því samhengi er horft til svæðis sem er í 1-2 kílómetra fjarlægði við lóðamörk samtakana.

Að lokum þakka samtökin fyrir gott samstarf og þá miklu velvild sem Hafnarfjarðarbær hefur sýnt starfsemi Krýsuvíkursamtakanna á undanförunum árum, en sá stuðningur hefur verið afar mikilvægur í uppbyggingu og þróun starfseminnar.

Með hliðsjón af framangreindu er óskað eftir jákvæðri afstöðu bæjarráðs til viðræðna um lóðafyrirkomulag í Krýsuvík, með það að markmiði að efla og styrkja þessa mikilvægu samfélagsþjónustu til framtíðar.

Virðingarfyllst,

Lárus Welding
Stjórnarformaður Krýsuvíkursamtakanna